



[●], hér eftir vísað til sem verkkaupi, og Elma raforkuviðskipti ehf., kt. 630204-3480, Gylfaflöt 9, Reykjavík, hér eftir vísað til sem verktaki, en saman sem aðilar að samningnum, gera með sér svohljóðandi:

## Verksamningur

Verkkaupi hefur með höndum raforkuvinnslu eins og það er skilgreint í raforkulögum nr. 65/2003 með síðari breytingum og framleiðir og selur rafmagn á heildsölumarkaði. Verksali rekur rafrænan viðskiptavettvang og hefur leyfi ráðherra til að reka raforkumarkað samkvæmt raforkulögum.

### Efni samningsins.

#### 1. gr.

Verkkaupi hyggst bjóða til sölu ákveðið magn rafmagns á rafrænum viðskiptavettvangi verktaka.

#### 2. gr.

Verktaki skuldbindur sig til þess að framkvæma uppboð í þágu verkkaupa á rafrænum viðskiptavettvangi sínum.

#### 3. gr.

Skilyrði sem þátttakendur þurfa að uppfylla til að taka þátt í uppboðinu um sölu á rafmagni, aðferð við framlagningu tilboða í kerfinu, aðferð og skilyrði úrvals boða, birting og afhending gagna og gerð samninga um kaup verkkaupa á rafmagni eru sett í uppboðsskilmálum sem verkkaupi setur um uppboðið og verktaki hefur staðfest.

Allar breytingar eða aðlaganir að reglum er varða framkvæmd uppboðs á viðskiptavettvangi skulu gerðar með samkomulagi milli verktaka og verksala.

#### 4. gr.

Aðilar að samningi þessum taka að sér að framfylgja skyldum sínum í samræmi við uppboðsskilmála verkkaupa. Allar birtingar á gögnum og upplýsingum, sem og breytingar skulu birtar á heimasíðum aðila tímanlega eins og nánar er tilgreint í uppboðsskilmálum.



#### **5. gr.**

Verkkaupi mun að afloknu uppboði ganga til samninga á grundvelli niðurstöðu uppboðsins. Ákvörðun þar um er alfarið verkkaupa.

Verkkaupi tekur ákvörðun um dagsetningar á uppboðum, yfirfer beiðni um þátttöku og fylgiskjöl með beiðnum þátttakenda eins og reglurnar kveða á um og tilkynnir verktaka skriflega um hverjir mega taka þátt í uppboðinu.

Verktaki tekur að sér að útvega aðgang að rafrænum viðskiptavettvangi til allra þeirra sem hafa staðfesta heimild til þátttöku og hafa lagt fram fullnægjandi tryggingar ef við á.

#### **Þóknun**

#### **7. gr.**

Verkkaupi mun greiða verktaka þóknun fyrir framkvæmd á hverju uppboði samkvæmt gildandi verðskrá verktaka á þeim tíma sem uppboð fer fram.

Reikningur vegna þóknunar skal gefin út strax að afloknu uppboði og er gjalddagi reiknings 30 dagar frá útgáfu.

#### **Gildi samningsins**

#### **8. gr.**

Samningurinn er ótímabundinn en er uppsegjanlegur af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara.

#### **Framsal og veðsetning**

#### **9. gr.**

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis verkkaupa.

#### **Trúnaður**

#### **10. gr.**

Aðilar skulu gæta trúnaðar og þagnarskyldu um hvað eina sem þeir verða áskynja varðandi starfsemi hvor annars við vinnslu samnings þessa, nema aðilarnir hafi komið sér saman um birtingu upplýsinga eða slík



birting sé í samræmi við lögbundnar skyldur aðila. Trúnaðarskyldan nær ekki til upplýsinga sem eru opinberar. Skuldbinding þessi helst eftir samningslok.

### Lagaval og úrlausn ágreiningsmála

#### 11. gr.

Um uppboðið og samningsskuldbindingar aðila gilda íslensk lög og komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.

Allur ágreiningur, deilur eða kröfur sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við samning þennan, þar á meðal stofnunar hans, gildi, samningsbrots eða riftunar, skal leyst úr með gerðarmeðferð í samræmi við reglugerð Gerðardóms Viðskiptaráðs Íslands sem í gildi er þegar gerðarmeðferð hefst og skal reglugerðin fyrir gerðardóminn gilda um málsmeðferð. Ákvæði þetta ásamt reglugerðinni teljast gerðarsamningur milli undirritaðra samningsaðila.

### Undirritun

#### 12. gr.

Samningur þessi er undirritaður með rafrænni undirritun og telst slík undirritun fullgild þegar báðir aðilar hafa undirritað.

Reykjavík, [●] 2024.

---

Katrín Olga Jóhannesdóttir,  
f.h. Elmu orkuvíðskipta ehf.

---

[●]